

## Stríð og friður í Úkraínu. Blekkingar og grimmd

Um það leyti, þegar Ráðstjórnarríkin (Sovétríkin) voru að leysast upp og forsvarsmenn Nató gáfu Mikhail Gorbachev (f. 1931) ádrátt um, að Bandalagið yrði ekki stækkað að landamærum Ráðstjórnarríkjanna, hélt aðalritari „The Atlantic Alliance and European Security,” síðar framkvæmdastjóri Nató, Manfred Wörner (1934-1994) merka ræðu.

Þar sagði hann m.a. á þá leið, að ef stuðla ætti að því, að draumurinn um frið í frjálsri Evrópu mætti rætast á grundvelli sameiginlegra grunngilda, þ.e. mannréttinda, frjáls vals, jafnréttis fyrir lögum, opinna landamæra, sjálfsákvörðunarréttar, lýðræðis og verndunar réttinda minnihlutahópa, þyrftu Varsjárbandalagið og Nató að ganga í eina sæng saman.

Manfred segir: „Evrópumenn eiga two grundvallarkosti: annað hvort hverfa þeir á vit fornra valdastjórmála og valdajafnvægistafls eða þeir stika götuna fram eftir veg á vit nýs fyrirkomulags friðs og frelsis, ...“

Þetta er einn kaflanna í þeirri viðleitni stjórnmálamannt í Evrópu, eftir seinni heimsstyrjöldina, til að sambætta hagsmuni ríkja í Evrópu og þar með stjórnmalin. Þá vildu flestir frið. Venjulega fer fólk í stríð vegna hagsmuna eða græðgi eða til að vernda ásjónu sína. Nú er öldin önnur. Nýjar kynslóðir kyrja stríðssöng og gömlu ófriðarspottin gjamma.

Ádráttur eða loforð Nató og Bandaríkja Norður-Ameríku fyrir þrjátíu árum síðan hafa verið svikin. Aðalstríðshaukurinn, öldungurinn og ófriðarsinninn, Joseph Robinette Biden (f. 1942), veit fullvel af þessum loforðum. Árið 1997 léti hann hafa eftir sér, að stækkun Nató til baltnesku ríkjanna myndi vekja „heiftarleg og fjandsamleg“ viðbrögð frá Rússum. Þau leggur hann sig nú í líma við að mana fram eins og Bretar, aftaníossar hans, sem af gjörsamlegu ábyrgðarleysi – eins og Úkraínumenn - hjala um beitingu kjarnorkuvopna og heimsstyrjöld. Og uppskera vissulega jafn ábyrgðarlaus viðbrögð. Stjórnmálamenn í vestri virðast upp til hópa hafa gengið af vitinu.

Það þarf varla að orðlengja, að stríð varð fyrir valinu hjá stjórnmálamönnum Evrópu, fólk til fjörtjóns, meins og fátæktar, sem ekki er séð fyrir endann á. Ef almenningur grípur ekki í taumanna, eru verulegar líkur á kjarnorkustríði. Það væri ósigur fyrir mannsandann, en ekki nauðsynlega fyrir þá, sem skipuleggja hinu miklu endurreisn á rústum heimsins. Þeir ætla að byggja land betur og setja lög og finna upp bóluefni við ótækilegri hugsun.

Stríðið kostar skattgreiðendur óheyrlægum fjármuni. Fyrstu þrjá mánuði stríðsins námu fjárveitingar Bandaríkjaþings upphæð í námunda við hernaðarfjárlög Rússu á einu ári, sem þó eru einungis einn tíundi hluti þeirra bandarísku. Hernaðarfjárlög lýðræðisvinanna í vestri eru þrefalt hærri en Kínverja. Fjárveitingar Bandaríkjamanna til stríðsins í Úkraínu eru nú þegar hærri en í meðalári í stríði þeirra gegn Afgönum í viðleitni sinni til að tryggja sér aðgengi að olíu – eða uppræta illskuna eins og þeir segja. Hergagnaframaleiðendur ráða sér ekki fyrir kæti. Þeir misstu markaðinn í Afganistan, en vígvellirnir í Úkraínu koma í staðinn.

En það er með Jósef eins og ömmu, sem sat á þakinu og spilaði og söng, meðan húsið brann. Jósep kyrjar sinn ófriðarsöng, söng þeirra, sem vilja leggja veröldina í rúst. Á meðan fuðrar gjaldmiðillinn upp og fátæktin grefur um sig í landi hinna frjálsu.

Eins og venjulega, þegar stríð geisa, leitast stríðsaðiljar við að fegra og rökstyðja eigin málstað og einoka upplýsingar og vitneskju. Það á svo sannarlega við um hið ógæfusamlega stríð í Úkraínu. Rússar hafa fyrir löngu tapað upplýsingastríðinu. En þar er ekki allt sem sýnist. Neðanmáls má finna krækjur á pistla höfunda, sem leitast við að hafa það, sem réttara hefur reynst – eða miðla upplýsingum, sem RÚV og hliðstæðar fréttastofur ekki gera.

Það er m.a. fjallað um öfugmælafréttir eins og þá, þegar úkraínskur fangi úkraínskra nasista (sé lesenda í nöp við þetta heiti, má sem hægast kalla þá róttæka þjóðernissinna) í verksmiðjunni margumræddu í Mariupol, er leystur úr haldi. Þar eru böðlarnir sagðir rússneskir. Sama er upp á teningnum í fréttinni alræmdu, þegar ófrísk kona flúði frá Mariupol, um fjöldamorðin í Bucha og svo framvegis. Áður hafa lík sést skríða úr pokum sínum, rússneskir fangar pyndaðir og drepnir, meðan skyldmenni fylgjast með í síma.

Þetta er fróðleg lesning til umhugsunar um lúalegan hernað og stefnu stjórnvalda í Úkraínu. Þau auglýsa sig sem lýðræðisleg dyggðaljós. Vesturlönd baða Volodomyr Zelensky (f. 1978) leiðtoga þeirra í sviðsljósi fjölmiðla sinna sem holdgerving mannréttinda, frelsis, friðsemdar, umburðarlyndis og þroska. Þessi auglýsing hefur borið tilætlaðar árangur. Fé og hergögn streyma til Úkraínu sem og hermenn, þar á meðal besta leyniskytta Kandamanna. Bendi á fróðleg viðtöl við two útlenda hermenn (krækjur neðanmáls).

Því kann okkur, sauðsvörtum almúganum, að koma á óvart, að dygðaljósið, Volodomyr, skuli hafa skipað Natóholla útlendinga í stjórn sína og einnig, hvernig

hann réttlætir óhæfuverk úkraínskra, róttækra þjóðernissinna eins og til að mynda ódæðin í Odessa (sjá myndskieð á YouTube).

Varla geislar lýðræðisdygðinni af löggjöf, sem hefur það að markmiði að útrýma tungumáli og menningu minnihlutahópa, eða borgarstyrjöldinni, þ.e. styrjöldinni gegn íbúum Donbass með stuðningi Nató og Bandaríkjanna, peningabvætti, vændi, verslun með börn og fósturfrumur, spillingu (hans sjálfs og Biden feðga meðtalin), fjölmiðlabanni, handtökum, brotnámi og aftökum andstæðinga í stjórnmálum, svo og hernaðarlíftækni. Viðtalið við samlanda Volodomyr, blaðamanninn, Olga Baysha, er sérdeilis áhugavert í þessu tilliti. Hvernig má Úkraína vera lýsandi dæmi þess samfélags, sem við viljum berjast fyrir í nafni lýðræðis og frelsis? Spyrt sé sem ekki veit.

Tilfinningahiti og sefjun torveldar einnig skilning eins og áróður. Fátt veldur meiri titringi en umræða um *þetta* stríð – einhverra hluta vegna. Veröldin verður svart-hvít, góð eða ill. Þetta minnir óneitanlega á „dönsku umræðuna“ fyrir hálfri öld eða svo. Þá var almennt viðkvæðið, að Danir væru misyndismenn upp til hópa. Nú eru það Rússar.

Meira að segja gamla, grunnhyggna Rússagrýlan er komin á kreik aftur. Það kvíkindi var búið til, svo réttlæta mætti kalda stríðið fyrra. Það síðara er nú skollið á. Áróðursfræ Vesturveldanna falla síður en svo í grýttan jarðveg.

Bókabrennur og -bönn, þöggun og útskúfun þeirra, sem hvergi eru smeykir við Grýlu þessa, er daglegt brauð. Það kveður svo rammt að þessum endurvakta fæðarfáraldri, að jafnvel fluggáfað fólk og menntað virðist gersamlega missa fótfestuna í þekkingu, sögu, staðreyndum og rökhugsun. Barnatrúin hríslast um í bein og merg.

Sumir þáttakenda í umræðunni taka djúpt í árinni, segja Rússa einhvers konar undirmálsfólk (eins og úkraínskir þjóðernissinar staðhæfa reyndar), gangast jafnvel upp í yfirlýstu Rússahatri. Hæglátustu sómamenn formæla og senda ókvæðisorð þeim, sem leitast við að rýna í mistur upplýsinganna. Þetta er trúarbrögðum líkast. Biblían er utanríkisstefna Bandaríkjanna, Evrópusambandsins og Nató.

En nú horfir alla vega til betri vegar í upplýsingamálum, því hernaðarhaninn, Joseph Biden, hefur stofnað heila sannleiksdeild í einu ráðuneyta sinna – eins konar sannleiksráðuneyti. Trúlega mun ráðneytið efla enn að allri dáð sannleiksfyrirtæki, fjölmiðla og embætti, sem þegar eru á sannleiksmarkaðnum, ekki síst fyrir þá sök, að valinkunnur kvenfrelsari og stríðshaukur hefur verið valinn þar til forystu.

Nú glottir við tönn í gröf sinni, Joseph McCarthy (1908-1957), fyrrum ofsknameistari Bandaríkjanna (þar sem menn ku lifa samkvæmt fyrnefndum lýðræðisdygðum). Andlegir og fræðilegir afkomendur hans stjórna um þessar mundir upplýsingahernaði Úkraínumannna. Þeir eru vel að sér um sögu og áróður.

Í ræðu áróðursmeistaranna handa Volodomyr til íslensku þjóðarinnar, hét Kiev sínu forna nafni, Kænugarður. Menn supu hveljur á Alþingi Íslendinga og bryntu jafnvel músum. Svo vel var ræðan samin og leikarinn góður. Fjólubláa ríkisstjórnin samþykkti umsvifalaust að gauka aukamilljarði til Úkraínuhítarinnar, meðan Íslendingar flagga úkraínska fánanum. Hver veit, nema aurar íslenskra skattgreiðenda renni til að kaupa nýja eldflaug eða herflokk erlendra málaliða eins og þess kanadískar.

Regnbogafáni samtaka homma, lesbía, kynskiptinga, tvíkynhneigðra, kinsegin og hinsegin fólks, hefur fengið óvænta samkeppni á fánastöngum stjórnvalda á Vesturlöndum – meira að segja á Patreksfirði. En vonandi verða ekki slökkt kvenfrelsunarljósin á opinberum byggingum, þegar svo ber undir.

(Af gefnu tilefni tek ég fram, að ég er andvígur öllum stríðum og mér er fullljóst, að rússnesk yfirvöld gerðu innrás í Úkraínu og bera ábyrgð á þeirri ákvörðun.)

<https://greenwald.substack.com/p/biden-wanted-33b-more-for-ukraine?token=eyJ1c2VyX2lkIjo0Njk0NzAxNCwicG9zdF9pZCI6NTQzM DY1MDgsIl8iOijvVEw4TCI sImlhdCI6MTY1MjI1NzMxNSwiZXhwIjoxNjUyMjYwOTE1LCJpc3MiOijwdWI tMTI4NjYyliwic3ViljoicG9zdC1yZW FjdGlvbiJ9.LkRfAsrioS93iaUxmPYcYVvD7a0DRCYQOb4l8SOvPs&s=r>

<https://www.pravda.com.ua/eng/news/2022/05/5/7344206/>

<https://www.youtube.com/watch?v=zN2NdjFJFh0>

<https://niccolo.substack.com/p/war-in-ukraine-light-begins-to-escape?token=eyJ1c2VyX2lkIjo0Njk0NzAxNCwiXyl6Im9UTDhMliwiaWF0IjoxNjUyMjU3MDcwLCJleHAIoje2NTIyNjA2NzAsImlzcyl6lnB1Yi0zOTgyMSIsInN1YiI6lnBvc3QtcmVhY3Rp b24ifQ.Wf3SyA1t46QkNOhWoWVS-DiEO2ycDMy-Nen9DIPdtlg&s=r>

[https://twitter.com/ImReadinHere/status/1500782351831662592?ref\\_src=twsr c%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E1500782351831662592%7Ctwgr%5E%7Ctwcon%5Es1 &ref\\_url=https%3A%2F%2Fsteigan.no%2F2022%2F05%2Fkrigsdagbok-del-4-7-til-10-mars-2022%2F](https://twitter.com/ImReadinHere/status/1500782351831662592?ref_src=twsr c%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E1500782351831662592%7Ctwgr%5E%7Ctwcon%5Es1 &ref_url=https%3A%2F%2Fsteigan.no%2F2022%2F05%2Fkrigsdagbok-del-4-7-til-10-mars-2022%2F)

<https://www.youtube.com/watch?v=nXnOFXUmVv0>

<https://www.youtube.com/watch?v=ps6HuQRWcWY>

[https://unherd.com/2022/05/the-desperation-of-bidens-disinformation-board/?tl\\_inbound=1&tl\\_groups\[0\]=18743&tl\\_period\\_type=3&mc\\_cid=3359bb0d89&mc\\_eid=1c4c09eceb](https://unherd.com/2022/05/the-desperation-of-bidens-disinformation-board/?tl_inbound=1&tl_groups[0]=18743&tl_period_type=3&mc_cid=3359bb0d89&mc_eid=1c4c09eceb)

<https://www.youtube.com/watch?v=WdWoV77CjVY>

<https://sarahwestall.com/ukraine-world-war-iii-and-elites-engineered-perfect-storm-of-human-genocide-or-their-swan-song/>

<https://steigan.no/2022/05/der-spiegel-knepet-i-bevisst-manipulering-av-informasjon/>

[https://www.anti-spiegel.ru/2022/wie-leser-belogen-werden-der-spiegel-manipuliert-video-von-zivilisten-aus-asowstal/?doing\\_wp\\_cron=1652072299.7911510467529296875000](https://www.anti-spiegel.ru/2022/wie-leser-belogen-werden-der-spiegel-manipuliert-video-von-zivilisten-aus-asowstal/?doing_wp_cron=1652072299.7911510467529296875000)

[https://www.nato.int/docu/speech/1990/s900517a\\_e.htm](https://www.nato.int/docu/speech/1990/s900517a_e.htm)

<https://thegrayzone.com/2022/04/03/testimony-mariupol-hospital-ukrainian-deceptions-media-malpractice/>

<https://thegrayzone.com/2022/03/25/bbc-fixer-war-ukrainian-nationalist-pr-operative/>

<https://steigan.no/2022/05/intellektuell-flyforbudssone-internetsensur-av-protester-mot-ukraina-er-den-nye-normen/>

<https://dailyexpose.uk/2022/05/07/googles-unprecedented-powers-to-manipulate/>

[https://niccolo.substack.com/p/saturday-commentary-and-review-82?token=eyJ1c2VyX2lkIjo0Njk0NzAxNCwicG9zdF9pZCI6NTM4NTEwNTAsIl8iOiJvVEw4TCIsImhdCI6MTY1MTk1NzI5NywiZXhwIjoxNjUxOTYwODk3LCJpc3MiOiJwdWIltMzk4MjEiLCJzdWliOiJwb3N0LXIYWN0aW9uIn0.9wfDeljUZZ9sp\\_ipZq-A6kOzcRP-RLwDjHDcL7\\_Rtv&s=r](https://niccolo.substack.com/p/saturday-commentary-and-review-82?token=eyJ1c2VyX2lkIjo0Njk0NzAxNCwicG9zdF9pZCI6NTM4NTEwNTAsIl8iOiJvVEw4TCIsImhdCI6MTY1MTk1NzI5NywiZXhwIjoxNjUxOTYwODk3LCJpc3MiOiJwdWIltMzk4MjEiLCJzdWliOiJwb3N0LXIYWN0aW9uIn0.9wfDeljUZZ9sp_ipZq-A6kOzcRP-RLwDjHDcL7_Rtv&s=r)

<https://thegrayzone.com/2022/04/28/zelensky-celebrity-populist-pinochet-neoliberal/>

<https://greenwald.substack.com/p/homeland-securitys-disinformation?token=eyJ1c2VyX2lkIjo0Njk0NzAxNCwiXyI6Im9UTDhMliwiaWF0IjoxNj>

[UxOTU3NTMwLCJleHAiOjE2NTE5NjExMzAsImIzcyI6InB1Yi0xMjg2NjIiLCJzdWliOijwb3NOLXJIYWNoaW9uIn0.FJEE1L3AZhSw0jY\\_V6Yal1mCNXAngMpkVjMdADKIgo&s=r](#)

<https://www.theguardian.com/society/2022/may/09/more-than-2m-adults-in-uk-cannot-afford-to-eat-every-day-survey-finds>

<https://thegrayzone.com/2022/04/20/nazis-us-greece-route-russia/>

<https://dailyexpose.uk/2022/05/09/former-canadian-general-captured-by-russians/>

<https://www.visir.is/g/20222258819d/bandarikin-bonnudum-bokum-fjolgar-fra-degitil-til->

[dags?fbclid=IwAR3aITglh0vX\\_Atsw3UEeBZ1geTYwueUOuEXbqhkV4nHwTwVwivlo6y9f0Q](#)

<https://thegrayzone.com/2022/04/17/traitor-zelensky-assassination-kidnapping-arrest-political-opposition/>

<https://www.bloomberg.com/news/videos/2022-03-17/u-s-is-in-a-proxy-war-with-russia-panetta-video>

<https://twitter.com/vonderleyen/status/1521745710068248577https://twitter.com/vonderleyen/status/1521745710068248577>

<https://news.err.ee/1608584776/general-ben-hodges-q-a-ukraine-could-push-russia-back-by-end-of-2022>

<https://southfront.org/ukrainian-leadership-no-peace-treaties-with-russia-only-capitulation-of-moscow/>

<https://ukranews.com/en/news/854183-there-can-be-no-peace-treaty-with-russia-only-surrender-of-russian-federation-danilov>

[https://www.anti-spiegel.ru/2022/wie-leser-belogen-werden-der-spiegel-manipuliert-video-von-zivilisten-aus-asowstal/?doing\\_wp\\_cron=1652072299.7911510467529296875000](https://www.anti-spiegel.ru/2022/wie-leser-belogen-werden-der-spiegel-manipuliert-video-von-zivilisten-aus-asowstal/?doing_wp_cron=1652072299.7911510467529296875000)

<https://www.friatider.se/azovstal-kvinna-berattar-att-ukrainska-soldater-haller-civila-som-gisslan-klipps-bort-av-svt>

<https://www.youtube.com/watch?v=T9VS9m8BV04>

